

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

15. janúar 2018
UST201712-209/R.K.
08.12.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn - Framleiðsluaukning 4.500 tonn- Arnarlax hf. í Arnarfirði

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að auka framleiðslu sjókvíaeldis í Arnarfirði um 4.500 tonn sem gerir alls 14.500 tonna framleiðslu eldislaxa í firðinum á vegum Arnarlax hf. Kallar sú aukning á breytingu á núgildandi starfsleyfi sem er gefið út af Umhverfisstofnun.

Burðarþol - lífrænt álag

Umhverfisstofnun tekur undir með Skipulagsstofnun, sbr. ákvörðun þeirra frá 2. september 2015 um aukningu ársframleiðslu eldis Arnarlax um 7.000 tonn, að mikilvægt sé að burðarþol verði uppfært í samræmi við vöktun á ástandi sjávar og lífríki botns í dýpsta hluta Arnarfjarðar, líkt og Hafrannsóknarstofnun leggur áherslu á. Samkvæmt greinagerð Hafrannsóknarstofnunar um burðarþolsmat Arnarfjarðar (2015) var það mat til bráðabirgða og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmt sé uppfært burðarþol fyrir fjörðinn og að það mat sé haft til hliðsjónar við ákvörðun um framleiðsluaukningu. Bent skal á að bráðabirgðamat Hafrannsóknarstofnunar á burðarþoli getur tekið breytingum bæði til hækkunar eða lækkunar að teknu tilliti til umhverfisáhrifa aukins eldis í Arnarfirði.

Umhverfisstofnun ítrekar einnig að rannsaka þarf hvort sá tími sem eldissvæðin eru hvíld nægir til þess að ástand svæðis, m.t.t. botndýralífs, líkt og bent var á í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar um eldi Arnarlax í Arnarfirði. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi sérstaklega grein fyrir áhrifum aukins eldis á kalkþörungum á botni Arnarfjarðar. Líkt og fram kom í umsögnum stofnunarinnar í maí 2015 og mars 2016 vill Umhverfisstofnun

benda hér á skýrslu OSPAR, Background Document for Maërl beds, þar sem bent er á að fiskeldi getur haft neikvæð áhrif á kalkþörungum.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinagerð framkvæmdar að æskilegt sé að staðsetja eldissvæði þannig að úrgangur frá eldinu safnist ekki fyrir í óæskilegu magni í dýpsta hluta fjarðarins og að tryggja að heildarlífsmassi í firðinum verði aldrei meiri en 20.000 tonn á hverjum tíma í eldisferlinu svk. burðarþolsmati. Arnarfjörður er þröskuldsfjörður og því mikilvægt að hugað sé að uppsöfnun lífræna efna, lífrænu álagi og súrefnisbússkap fjarðarins, sérstaklega við eldissvæðið Hlaðsbót, þar sem hluti botns nær meira en 75 m dýpi. Skv. vöktunarskýrslum fyrirtækis má sjá að uppsöfnun lífræns efnis og breyting botndýrafánu hefur verið skráð. Umhverfisstofnun telur Arnarlax, m.t.t. niðurstaða vöktunar, ætti að gera grein fyrir áhrifum framleiðsluaukningar í hverju sjókvíaeldissvæði fyrir sig þar sem áhrifin eru misjöfn eftir svæðum.

Þekkt er að uppsöfnun næringarefna veldur því að tegundasamsetning breytist, tegundum fækkar eða nýjar koma inn en nokkrar tegundir þrífast vel við loftfirrðar aðstæður. Fram kemur í greinagerð að breyting hefur orðið á botndýralífi undir eldiskvíum frá því að eldi hófst á svæðinu 2014. Botndýr sem þola betur súrefnisþurrð og uppsöfnun lífræns úrgangs hefur fjölgað en tegundum sem algengar voru fyrir, hefur fækkað. Út frá þessum niðurstöðum telur Umhverfisstofnun ákjósanlegt að gera ítarlega grein fyrir mögulegum áhrifum aukins eldis á tegundasamsetningu botndýrasamfélaga undir sjókvíum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs verði byggt á staðalinum ISO 12878 líkt og kemur fram í greinagerð. Þá vekur stofnunin einnig athygli á skýrslu Hafrannsóknastofnunar, Gæðaðættir og viðmiðunaraðstæður strandsjavarvatns-hlota (2014), til hliðsjónar við gerð vöktunaráætlanna.

Samlegðaráhrif við annað eldi

Mikilvægt er að líta til mögulegra samlegðaráhrifa vegna mismunandi nýtingar Arnarfjarðar við veitingu leyfis til framleiðsluaukningar að mati Umhverfisstofnunar. Þá ber aðallega að nefna samlegðaráhrif alls sjókvíaeldis sem staðsett er í firðinum og að svæðið er búsvæði rækju og uppeldisstöð bolfisks.

Í greinagerð er tekið fram að leyfi Fjarðalax ehf. til laxeldis í Fossfirði sé fyrir 1.500 tonna ársframleiðslu (bls. 12 og 31) en Umhverfisstofnun vill benda á að frá febrúar 2015 hefur starfsleyfi Fjarðalax hljóðað upp á 3.000 tonna ársframleiðslu en ekki 1.500 tonna, eftir breytingu leyfisins frá 2012. Eftir sameiningu Arnarlax og Fjarðalax, þar sem Arnarlax fer með stjórn félagsins, er fyrirtækið með tvö gild starfsleyfi fyrir samtals 13.000 tonn, í heildarársframleiðslu í Arnarfirði þó svo síðarnefnd framleiðsla sé óvirk. Leyfishafi getur óskað eftir niðurfellingu á framangreindu leyfi eða takmarkað umfang þeirra áforma sem hér eru til skoðunar, í samræmi við burðarþol. Þar að auki áformar Arctic Sea Farm 4.000 tonna laxeldi í Arnarfirði en fallist var á tillögu að matsáætlun framkvæmdar með athugasemdum þann 15. júní 2017. Umhverfisstofnun telur að fyrirtæki sem stunda sjókvíaeldi og nýta sama viðtaka ættu að taka sig saman um að samræma vöktun í Arnarfirði. Ef áform ganga eftir, líkt og þeim er lýst í frummatsskýrslu, verða leyfi til framleiðslu laxa í sjókvíum í Arnarfirði 21.500 tonn. Bæði burðarþolsmat (2015) og áhættumat erfðablöndunar (2017) Hafrannsóknarstofnunar segja til um 20.000 tonna

hámarkseldi á ári í Arnarfirði og er því ljóst að ef burðarþol Hafrannsóknarstofnunar stendur óbreytt, þá eru áform um fyrirhugaða framleiðslu meiri en burðarþolið leyfir.

Þá þarf að skýra orðalag þegar rekstraraðili talar um framleiðslu en Hafrannsóknarstofnun talar um eldi og hámarkslífmassa í burðarþols- og áhættumati. Líkt og bent var á í umsögn Umhverfisstofnunar þann 15. maí 2015 leggur stofnunin til að Skipulagsstofnun setji fram leiðbeiningar til að skýra og samræma hugtök sem framkvæmdaraðilar, rannsóknastofnanir og leyfisveitendur nota þannig að fjallað sé um magntölur á sama hátt í hverri matsskýrslu, og ekki síst að matsskýrslur óskyldra aðila séu sambærilegar sérstaklega þegar um losun í sama viðtaka er að ræða.

Áform um að samræma vöktun Arnarlax á sjúkdómum, sníkjudýrum, útsetningu seiða og hvíld eldissvæða við Arctic Sea Farm eru jákvæð mati Umhverfisstofnunar.

Laxalús, smitsjúkdómar og áhættumat erfðablöndunar

Fram kemur í greinagerð að óvissa ríkir um hvaða áhrif eldi hefur haft á smitsjúkdóma villta laxfiska í friðinum, sjóbirting (urriða) og sjóbleikju. Getur það þýtt að þörf sé á frekari rannsóknum og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að niðurstöður þess liggi fyrir við ákvörðun um aukið umfang eldis Arnarlax. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að smitsjúkdómar í fiskeldi heyra undir starfsvið Matvælastofnunar sbr. lög um varnir á fisksjúkdómum.

Hvað varðar erfðablöndun villtra laxa metur Umhverfisstofnun það sem svo að laxeldi í sjókvíum í Arnarfirði skal haldast innan áhættumats Hafrannsóknarstofnunar um erfðablöndun, 20.000 tonna hámarkseldi, til að vernda villta laxastofna, sérstaklega í Selárdalsá. Þó skal tekið fram að erfðablöndun heyrir undir lög nr. 71/2008 um fiskeldi og verði litið til ákvörðunar Matvælastofnunar sbr 7. gr. laganna.

Annað

Fram kemur í greinagerð að eftir slátrun á þriðja ári eru eldisnætur teknar í land og sóttthreinsaðar (bls. 17). Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram hvaða efni verði notuð til að þrifa eldisbúnaðinn, hvort þau efni innihalda kopar sem getur mengað viðtakann og hvaða áhrif þau efni komi til með að hafa á lífríkið. Fram þarf að koma hvaða aðferðum verði beitt og jafnframt gerð grein fyrir því af hverju tiltekin hreinsunaraðferð sé talin æskilegri umfram aðrar. Þá telur Umhverfisstofnun einnig að koma þurfi fram hvort framkvæmdaraðili sjái um sóttthreinsun á kvíum eða hvort það sé framkvæmt af viðurkenndri þvottastöð.

Umhverfisstofnun telur sjónræn áhrif aukins eldis vera óveruleg. Tekið skal fram að stofnunin telur að skipulagt eftirlit og fyrirbyggjandi viðhald framkvæmdaraðila sjókvíaeldis teljist ekki til sérstakra mótvægisáðgerða framkvæmda líkt og gefið er í skyn á bls. 52 í greinagerð matskyldufyrirspurnar, heldur vinnubrögð sem Umhverfisstofnun telur rétt að gera kröfu um þegar tekin er afstaða til leyfis fyrir aukningu fiskeldis Arnarlax í Arnarfirði.

Niðurstaða

Áform eru um að fullnýta burðarþol Arnarfjarðar. Breytingar á botndýralífi við núverandi eldi í firðinum sýnir þörf á að uppfæra burðarþolismat svæðisins og mat á hvað hvert og eitt eldissvæði þolir mikla aukningu. Telur Umhverfisstofnun að framleiðsluaukning kunni að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Með vísan til þess sem að framan segir hvað varðar aukin umsvif í fiskeldi telur Umhverfisstofnun að 4.500 tonna framleiðsluaukning laxeldis í Arnarfirði sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri